

Tilgangur og umfang

Jafnlaunakerfi Límtré Vírnets ehf. byggir á staðli [ÍST 85:2012 Jafnlaunakerfi - Kröfur og leiðbeiningar STA-0047](#) á grundvelli 7. gr. laga nr. [150/2020](#) um jafnlaunavottun.

Tilgangur og markmið jafnlaunastefnu Límtré Vírnets ehf. er að greidd séu sambærileg laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf og að kjör séu ætíð ákveðin út frá sömu forsendum, þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá Límtré Vírnet ehf.

Stefnan tekur til allra starfsmanna Límtré Vírnets.

Jafnlaunastefna Límtré Vírnets ehf.

Límtré Vírnet ehf. leggur áherslu á jafnrétti og að nýta til jafns styrkleika alls starfsfólks þannig að hæfileikar og færni alls mannauðs njóti sín sem best og er það skjalfest með stefnu þessari. Stefna Límtré Vírnets ehf. er að vera vinnustaður þar sem öll eru metin að verðleikum eftir hæfni og frammistöðu og að öll hafi jöfn tækifæri til þess að axla ábyrgð og sinna verkefnum óháð kyni.

Límtré Vírnet ehf. fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma.

Meginmarkmið í launa og starfsumhverfi Límtré Vírnets eru:

- að greiða öllum kynjum sömu kjör fyrir sömu og jafn verðmæt störf,
- að vera vinnustaður þar sem öll kyn eiga jafna möguleika bæði til starfs en líka til þróunar í starfi,
- að vera vinnustaður þar sem öll kyn njóta sömu tækifæra til starfsþjálfunar og fræðslu,
- launastefna sé opinber, kynnt og gagnsæis sé gætt við ákvörðun launa.

Innleiðing, ábyrgð og rýni

Starfsmannastjóri er fulltrúi stjórnanda varðandi jafnlaunakerfið og ber ábyrgð á

- rekstri jafnlaunakerfisins, þ.e. skjalfestingu, innleiðingu, umbótum og framkvæmd ásamt því að sjá til þess að stefnunni og jafnlaunakerfinu í heild sé viðhaldið, það rýnt og endurskoðað.
- að rýni á árangri jafnlaunakerfisins sé framkvæmd árlega og að brugðist sé við ef þarf.
- að öll gögn sem rýna á liggja fyrir þegar kemur að árlegri rýni.
- í samráði við **forstjóra** og aðra **stjórnendur** ábyrgð á öllum launaákvörðunum og gæta þess að samræmis sé gætt við alla ákvarðanatöku þar um.

Útgáfudagur: 13.04.2022.

Athugið: Nýrri útgáfa af þessu skjali gæti verið til í Gæðahandbók.